



Júlí 2019

isländisch

## Farið út um allan heim og prédikið fagnaðarerindið

(Mk 16,15)

**Kontakt:** Meinolf Wacker  
Kirchplatz 7  
59174 Kamen

**Mobil.:** +49-172-5638432  
**Mail:** [meinolf.wacker@go4peace.eu](mailto:meinolf.wacker@go4peace.eu)  
**Homepage** [www.go4peace.eu](http://www.go4peace.eu)

---

**Verið gjöf!  
Be a gift!**

Kæru vinir orðsins!

Ég hitti hana í fyrsta sinn í samkunduhúsinu í Oswiecim / Auschwitz. Hún var ung kona frá Þýskalandi og starfaði í eitt ár á þessum hörmungastað Evrópu. Hún leiddi hóp þýskra nemenda um sýningu sem fjallaði um gyðinga í Oswiecim. Þegar hún talaði um vináttu ungrar konu frá þessari borg og gyðingakonu á sama aldri á tíma hernámsins á árum seinni heimsstyrjaldarinnar, var ég með tárin í augunum. Hjarta hennar brann fyrir einu mannkyni og fyrir lífi hvers og eins.

Á sama ári tók hún þátt í einum af go4peace búðunum. Sem nemandi hafði hún búið í París í eitt ár og lært frönsku þar. Í sjálfboðaliðastarfi sínu í Póllandi hafði hún lært pólsku, en fjölskylda hennar átti rætur rekja til Slesíu. Síðar komst ég að því að hún hafði sótt námskeið fyrir frönsk, þýsk og pólsk ungmenni. Hún var sannur Evrópubúi.

Aftur og aftur sá ég mikla útgeislun í augum hennar. Hjarta hennar brann út af kærleika til allra manna, sérstaklega þeirra sem minna mega sín. Án þess að trana sér fram sýndi hún nálægð og skapaði rými. „Það var orðið framorðið og kl. 23 ég stóð á lestarstöðinni og myrkrið var skollíð á. Ung kona kom til mín. Í fyrstu vissi ég ekki hvort ég ætti að vera eða fara. En hún talaði við mig. Hún sagði mér að veskinu hennar hefði verið stolið og að einhverjir á lestarstöðinni hefðu gerst nærgöngulir við hana. Kjörorð dagsins kom upp í huga mínum: Breyttu myrkrinu í kærleika! Þetta kjörorð hrærði mig. Ég vissi ekki hvort saga konunnar var sönn eða ekki. En ég sá að þarna vildi hún ekki vera ein. Svo ég var hjá henni, ræddi svolítið við hana og gaf henni peningana fyrir næstu lest. Þegar við lukum samtali okkar spurði hún mig þakklát að nafni. Þegar lestin mín kom og ég steig um borð í hana, heyrði ég skyndilega nafnið mitt hrópað: „Teresa!“ Og þá hugsað ég: Takk fyrir!“

„Farið út um allan heim og prédikið fagnaðarerindið!“ – Líf Teresu talar – oft án orða: Hún er gjöf til þeirra sem hún mætir. **Verið gjöf! – Be a gift!**

fyrir OnWordTeam

Meinolf Wacker